

Athugasemdir við rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða vegna áforma um Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjanir

Til

Umhverfis- og iðnaðarráðherra

sent í gegnum heimasíðu rammaáætlunar

Ég heiti Áslaug Haraldsdóttir og bý í Reykjavík. En ég er fædd og uppalin í Haga í Gnúpverjahreppi. Einnig á ég sumarbústað ásamt landskika úr landi Haga þar sem ég dvel löngum stundum yfir sumartímann. Ég hef því sterkar taugar til Þjórsársvæðisins bæði frá uppvaxtarárunum og ekki síður nú á síðari árum þegar ég hef notið þess að dvelja með fjölskyldu minni í sumarbústaðnum. Ég leyfi mér að mótmæla þeim áformum að virkja Þjórsá með stóru uppistöðulóni fyrir neðan Haga með svo kallaðri Hvammsvirkjun. Mér er málið skylt þar sem ég ólst upp í sveitinni og sé fram á að æskuslóðunum verði umbylt verði ráðist í framkvæmdir í samræmi við niðurstöðu rammaáætlunar.

Ég leyfi mér að benda mönnum á að landslagi svæðisins verður umturnað með stíflugörðum og gríðarstóru lóni. Munu þá fjölmörg kennileiti hverfa að miklu eða öllu leyti. Eyjar og sker, t.d. Dyrasker, Yrjasker og Hagaey, í Þjórsá munu sökkva og aðrar neðan stíflu, t.d. Minnanúpshólmi (Viðey) og Ölmóðsey verða ekki lengur þau friðlönd sem eyjarnar hafa verið frá náttúrunnar hendi. Með þessum breytingum er verið að umturna því landslagi sem hefur gefið ánni mestan fjölbreytileika með sínum, klöppum, klettum, kvíslum, eyjum, flúðum og einangruðu gróðurvinjum. Það er illa farið með fallett land að vilja umturna því með gríðarlegum stíflugörðum við Núp og löngum garði norð austur af Skarðsfjalli og lyfta síðan landi og vegum með miklum efnisflutningum. Þess í stað munum við fá óþekkjanlegt landsvæði, gríðarstórt lón og ofboðslegt rask með sandfoki þegar framkvæmdir standa yfir.

Enginn virðist hafa gefið því gaum að þegar komið verði stórt uppistöðulón á svæðinu muni ekki verða jafn skjólgott í nágrenni lónsins og nú er, þar sem hið margbreytilega og grófa yfirborð verði ekki lengur til að draga úr styrk vindsins.

Svo virðist sem mörgum þyki það lítið mál að halda áfram að fjölga stíflum í Þjórsá og því er haldið á lofti að virkjanirnar skapi fjölda starfa. Tilfellið er að þrátt fyrir fjölda virkjana í Þjórsársvæðinu þá eru sárafáir einstaklingar í Gnúpverjahreppi sem hafa af því atvinnu. En til hvers er staðið í þessu? Vatnsmesti foss landsins hverfur. Tekið verður fyrir fiskgengd í mestu laxveiðiá landsins. Það er augljóst að það er ekki verið að hugsa um hagsmuni íbúa í nágrenni árinna þegar ákveðið er að eyðileggja vatnsmesta fossinn (Urriðafoss), taka fyrir

fiskgengd og þar með spilla ýmsum möguleikum sem náttúran gefur til atvinnusköpunar á svæðinu.

Ég vil benda stjórnvöldum á að láta af þeirri stefnu að selja orku til orkufrekra stórfyrirtækja. Þess í stað ættu stjórnvöld að fara vel með orkuna og einbeita sér að því að skapa eins mörg störf og mögulegt er með eins lítilli orku og mögulegt er. Með því móti getum við notið þess að hafa vatnsföllin lengstum óbeisluð okkur sjálfum og afkomendum okkar til ánægju og yndis.

Áslaug Haraldsdóttir
Hraunbæ 124
110 Reykjavík